

LÖG

um breytingu á lögum um ávana- og fikniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum (neyslurými).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. getur embætti landlæknis veitt sveitarfélagi leyfi til að stofna og reka neyslurými þar sem varsla og meðferð ávana- og fikniefna, sbr. 6. gr., er heimil. Notanda neyslurýmis er heimilt að hafa í vörslu sinni það magn ávana- og fikniefna sem hann ætlar að neyta í neyslurýminu.

Sveitarfélagi sem fengið hefur leyfi skv. 1. mgr. og lögreglu er heimilt að gera samkomu- lag um að lögregla grípi ekki til aðgerða gegn notendum neyslurýmis á tilteknu svæði í kring- um húsnæði neyslurýmis.

Neyslurými er lagalega verndað umhverfi þar sem neytendur sem eru 18 ára og eldri geta sprautað ávana- og fikniefnum í æð undir eftirliti starfsfólks og gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna.

Eingöngu er unnt að veita sveitarfélagi leyfi skv. 1. mgr. ef skilyrði reglugerðar sem ráð- herra setur um neyslurými eru uppfyllt. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um:

- a. Þjónustu sem veitt skal í neyslurými.
- b. Hollustuhætti, svo sem um förgun sprautuúrgangs.
- c. Verkefni, öryggi og hæfni starfsfólks.
- d. Upplýsingaskyldu rekstraraðila gagnvart embætti landlæknis.
- e. Setningu húsreglna.
- f. Eftirlit með starfsemi neyslurýmis.

Í neyslurými er vinnsla persónuupplýsinga heimil, þar á meðal um tegund og magn efna sem notandi ætlar að neyta í neyslurými, í þeim tilgangi að uppfylla skilyrði laga þessara og reglugerðar sem sett er með stoð í þeim.

Sveitarfélagi er heimilt að fengnu samþykki landlæknis að semja við félagasamtök um rekstur neyslurýmis að uppfylltum skilyrðum 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Svandís Svavarsdóttir.